

Umsögn Hafnarfjarðar um auglýsta tillögu að Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins.

Umsögnin var samþykkt í Skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar 10.02.2015.

Skipulags- og byggingarráð gerir athugasemd við atriði sem snúa að vatnsvernd sbr. athugasemd sem samþykkt var á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs 22.10.2014 og Skipulags- og byggingarráðs 19.11.2014 og sent sem athugasemd við skipulag vatnsverndar.

Þá áréttar Skipulags- og byggingarráð mikilvægi þess að tryggð sé tenging Ofanbyggðavegar við Reykjanesbraut og Álftanesveg eða austar, sbr. texta undir markmiði 2.4: "tenging Reykjanesbrautar ofan byggðar á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu til að beina fjarumferð framhjá gatnakerfi bæjarins, þ.e. nýjar útfærslur meginstofnvega eins og þeir eru í dag, verða áfram til skoðunar og ekki útilokaðar í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga."

Þá áréttar Skipulags- og byggingarráð mikilvægi samfellds göngu- og hjólréiðastíganets á höfuðborgarsvæðinu sbr. texta undir markmiði 2.3: "Stofnleiðir göngu og hjólréiða eiga að tengja allt þéttbýli höfuðborgarsvæðisins saman og auðvelda notkun virkra ferðamáta."

Að öðru leyti vísar Skipulags- og byggingarráð til umsagnar um tillögu til auglýsingar frá 9.9.2014: Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar fagnar þeirri vinnu sem lögð hefur verið í að vinna vistvænt svæðisskipulag fyrir samkeppnishæft höfuðborgarsvæði, ásamt þeirri samstöðu sem ríkt hefur milli sveitarfélaganna.

Skipulags- og byggingarráð áskilur sér rétt til þess að gera athugasemdir á síðari stigum málsins.